

gagnáfrýjandi að vera sýkn af kærurum og kröfum aðaláfrýjanda í þessu máli.

Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Mánudaginn hinn 14. desembermánaðar.

Nr. 28/1903:

Margrét Zoëga

gegn

Marenu Lárusdóttur.

#### D ó m u r:

Hinn 21. des. 1901 fekk áfrýjandi máls þessa, frú Margrét Zoëga, útmæling byggingarnefndarinnar í Reykjavík fyrir lenging á íbúðarhúsi sínu, nr. 17 í Vesturgötu í Reykjavík, til austurs, og skyldi viðbyggingin ná  $8\frac{3}{4}$  alin til austurs með götunni að norðan, en  $6\frac{3}{4}$  alin að sunnan. Stefnda, ekkjufrú Maren Lárusdóttur, eigandi næsta húss fyrir austan, nr. 15 í Vesturgötu, taldi viðbyggingu þessa koma inn á sína lóð, og þegar áfrýjandinn tók til að byggja, samkvæmt hinni fengnu útmælingu, þá lét stefnda 18. júní f. á. lýsa fótetabanni fyrir áfrýjanda, þar sem áfrýjanda var bannað að halda áfram byggingunni, að því leyti sem bygt væri austur fyrir línunni á rennu milli húsanna nr. 15 og nr. 17 í nyrðri enda á grjóttgarði sunnan við geymsluhús áfrýjanda, og svo beint fram að götustéttinni, en sú lína taldist vera c. 6 álnir fyrir vestan hús stefndu. Stefnda höfðaði síðan mál þetta fyrir bæjarþingsrétti

Reykjavíkur gegn áfrýjanda, til þess að fá téð fógetabann staðfest og til þess að fá dóm fyrir lóðarmörkum þeim, er haldið var fram með fógetabanninu, og fá áfrýjanda dæmda til að taka burtu það af viðbyggingunni, er inn á hennar lóð tæki og sömuleiðis upphleyptan veg suður frá henni, að svo miklu leyti, sem vegur þessi, er áfrýjandi hafði leyfislaust frá stefndu hálfu látið leggja fyrir nokkrum árum, tæki austur fyrir rétt lóðarmörk milli húseignanna. Af sinni hálfu höfðaði áfrýjandinn gagnsókn gegn stefndu, og krafðist 3000 kr. skaðabóta fyrir tjón það, er fógetabannið hefði bakað henni, og auk þess 20 kr. í dagsektir fyrir hvern dag, er bannið hefði hindrað framhald viðbyggingarinnar, er málið reis út af.

Mál þetta var dæmt á bæjarþinginu hinn 16. apríl þ. á., að viðhöfðum meðdómsmönnum, með þeim úrslitum, að fógetabannið var staðfest og áfrýjandi skylduð til að nema burtu viðbyggingu þá og önnur mannvirki, er hún hafði gjöra látið á lóð stefndu, eða þann hluta viðbyggingarinnar, er lægi fyrir austan línu, er hugsaðist dregin úr norðurhorni grjótgarðsins fyrir sunnan geymsluhús áfrýjanda, og þaðan beint á Vesturgötu parallelt með húsgafflinum á íbúðarhúsi stefndu og 5 álnir frá honum. Að öðru leyti voru málsaðilar sýknadír hvor af annars kröfum og málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 19. maí þ. á., og hefir hún krafist þess fyrir yfirdóminum, að fógetabannið

frá 18. júní 1902 verði úr gildi felt og stefnda verði dæmd í 3000 króna skaðabætur auk 20 kr. borgunar fyrir hvern dag, er fógetabannið helzt, og ennfrémur, að mótparturinn verði dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir báðum réttum, en áfrýjandi sýknaður af öllum kærnum og kröfum stefndu í málinu. Stefnda hefir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandinn dæmd til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum að skaðlausu eða eftir réttarins mati.

Hús stefndu nr. 15 við Vesturgötu var á sínum tíma byggt af eigendum svokallaðrar Norðurbæjarlóðar á lóð þessari, og náði lóð sú, er húsinu fylgdi að vestan, jafnlangt Norðurbæjarlóðinni, en þar var grjótgarður, er myndaði lóðarmörkin. Fyrir vestan þessa lóð var síðan, 4. apríl 1868, útvisað lóð af byggingarnefnd kaupstaðarins undir húsið nr. 17, eign áfrýjanda, og var sú lóð ákveðin af byggingarnefndinni 35 álnir vestur eftir meðfram Hlíðarhúsaveginum (nú Vesturgötu). Bil-ið milli húsanna nr. 15 og nr. 17 er nú um og yfir 10 álnir. — Það breiðkar nokkuð út að göt-  
unni, því að húsin standa skakt hvort við öðru — en það var áður breiðara, og minkaði við það að húsið nr. 15 var lengt um 7 álnir til vesturs árið 1878. Um nokkur ár fyrirfarandi virðist engin girðing eða lóðarmerki hafa aðgreint lóðirnar á millibílinu milli húsanna, því að grjótgarðurinn, sem áður var á lóðarmörkum, var rifinn fyrir mörgum árum af fyrverandi eiganda hússins nr.

15, og trégirðing, sem sami maður setti upp nokkru fyrir vestan nefnt hús sitt, er fallin fyrir nokkrum árum. Áfrýjandinn heldur því nú fram, að viðbyggingin við nr. 17, sem mál þetta er sprottið af, sé að öllu á hennar lóð, og að austurgafi viðbyggingarinnar, sem, eins og áður er sagt, nær yfir  $8\frac{3}{4}$  álnir norðan til og  $6\frac{3}{4}$  álnir sunnan til af millibílinu milli húsanna, standi einmitt þar, sem merkjagarðurinn milli lóðanna var áður, enda hafi trégirðingin, sem sett var af fyrverandi eiganda hússins nr. 15, staðið á sama stað. Að því er snertir lóðarmörkin suður frá viðbyggingunni, heldur áfrýjandi því einnig fram, að vegur sá, sem áður er nefndur, sé lagður á hennar eigin lóð, enda hafi verið gjörður án þess að leita leyfis stefndu og óátalið af henni, og mótmælir hún því kröfu stefndu um að henni verði dæmt nokkuð af þeirri lóð, er vegurinn liggur á.

Til þess að sanna það, að hún eigi lóð vestur fyrir hús sitt, eins og í fógetabanninu er gjört ráð fyrir, og eins og fallist er á í öllu verulegu í bæjarþingsdóminum, hefir hin stefnda skírskotað til þess, að húseign áfrýjanda hafi aldrei verið útmæld lengri lóð með Vesturgötu en 35 álnir, en ef henni álitist tilheyra lóð eins langt austur og viðbyggingin nær, yrði lóð hennar meðfram götunni yfir 40 álnir. Það verður þó ekkert bygt á þessu, því að lóð áfrýjanda yrði einnig nokkrum álnum lengri en 35 álnir meðfram götunni, eftir merkjalínu þeirri, er stefnda telur hina réttu milli lóðanna, og er það því auðsætt, að eigi verður í

Þessu tilliti miðað við hina upprunalegu útmælingu, enda heldur áfrýjandi því fram, að bæzt hafi við lóðina síðar óútmælt stykki að vestanverðu, og hafi lóðin orðið við það lengri en fyrst var tilætlast. Það er heldur eigi sönnun fyrir því, að áfrýjandi eigi ekki lóðina undir viðbyggingunni, þótt flatarmál lóðar hennar verði þá meira en lóðargjald hefir verið tekið fyrir til bæjarsjóðs, því auk þess sem útmælingar á lóðum til lóðargjalds eru gjörðar í öðru skyni en að skifta lóðum milli manna eða ákveða takmörk þeirra, þá yrði lóð áfrýjanda, eftir lóðargjaldinu að dæma, minni heldur en vafalaust er og viðurkent í málinu að hún eigi að vera.

Þá hefir stefnda vitnað til þess, að í útmælingargjörð 9. jan. 1878, þegar leyft var að lengja húsið nr. 15 vestur á bóginn um 7 álnir, hafi svo verið kveðið á af byggingarnefndinni, að húsauki sá skyldi standa 5 álnir frá rennunni fyrir vestan lóð hússins nr. 15, en með þessu telur stefnda það sannað, að lóð hennar nái að minsta kosti 5 álnir vestur fyrir hús hennar. Við þetta er þó það að athuga, að í útmælingargjörð 4. apríl 1868, þegar lóð áfrýjanda var útmæld, var ákveðið, að eigandi lóðarinnar nr. 17 skyldi þola afrenslí frá húseigninni nr. 15 í fyrnefnda rennu, og hún er þar sögð liggja austantil á lóð hans (húseignarinnar nr. 17), en þetta sýnir, að húseign áfrýjanda hefir þá átt lóð austur fyrir rennuna, og að rennan, sem byggingarnefndin miðaði við 5 álna fjarlægðina við nefnt tækifæri 1878, ekki var á lóðarmörkum,

heldur fyrir vestan þau. Það verður því ekkert áreiðanlegt viðvíkjandi lóðarmörkum milli eignanna bygt á þessu ákvæði byggingarnefndarinnar 1878, enda þurfti byggingarnefnd ekki að láta til sín taka annað en að ákveða afstöðu byggingarinnar, eftir því sem beiðandinn skýrði frá lóðarmörkum eða lóðareign.

Að því er lóðartakmörkin snertir suður frá viðbyggingunni, þá er þræt看 þar um lóðarrétt yfir upphleyptum vegi þar suður eftir milli lóðanna, sem áfrýjandi hefir latið leggja fyrir nokkrum árum, en stefnda hefir ekki fært í málinu neinar sannanir fyrir því, að áfrýjandinn hafi þar gengið á lóð hennar eða að hún eigi lóð undir vegi þeim, er áfrýjandi hefir lagt þar og notað um alllangan tíma. Sérstaklega skal það tekið fram, að þar sem því er haldið fram af stefndu, að markalínan milli lóðanna hafi hlotið að vera bein lína, þá er engin vissa eða sönnun komin fram fyrir því, því síður sem markalína sú var ekki ákveðin af byggingarnefnd, en það er hins vegar upplýst í málinu, að vesturtakmörk lóðarinnar nr. 15 voru takmörk hinnar fornu Norðurbæjarlóðar, og gamall grjótgarður á mörkum, en slíkir garðar liggja oft í hlykkjum.

Þegar það er athugað, sem nú hefir verið tekið fram, og hins vegar er litið á það, að frá áfrýjanda hálfu eru í málinu með vitnaleiðslum færðar mikilsverðar líkur að því, að grjótgarður sá, er áður var milli lóðanna, hafi einmitt verið

þar, sem austurhlið viðbyggingarinnar er sett, og að trégirðingin, sem sett var, er grjótgarðurinn milli húsanna var tekinn burt, hafi verið á sama stað og grjótgarðurinn, þá verður ekki álitid, að stefnda hafi fært sönnur á það, að hún eigi lóð þá, er hún hefir gjört kröfu til í máli þessu, eða að hún hafi haft rétt til að banna áfrýjanda afnot þessarar lóðar, eins og hún hefir gjört með fógetabanninu 18. júní f. á. Verður því að fella fógetabann þetta úr gildi, og sýkna áfrýjanda af kærur og kröfum stefndu í málinu. Stefnda verður eftir þessum úrslitum að áltast skyld til að bæta áfrýjanda tjón það, er hún hefir bakað henni með því að hindra hana, með fógetabanninu, frá að halda áfram viðbyggingunni, sem málið spanst út af, og virðist rétt, að tjón það sé metið af dómkvöddum óvilhöllum mönnum, en eigi álízt það mega hærra vera en 500 kr. Svo ber og stefndu að greiða áfrýjanda í málskostnað 60 kr.

Því dæmist rétt vera:

Fógetabannið frá 18. júní 1902 er úr gildi felt og skal áfrýjandinn, frú Margrét Zoëga, vera sýkn af kærur og kröfum stefndu, ekkjufrúar Marenu Lárusdóttur í máli þessu. Stefnda greiði áfrýjanda skadabætur fyrir tjón það, er hlotist hefir af hindrun á framhaldi viðbyggingarinnar með fógetabanninu, eftir því sem dómkvaddir óvilhallir menn meta tjón þetta, þó ekki meira en 500 krón-

ur. Svo greiði hún og áfrýjanda í málskostnað 60 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikua frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 31/1903:

Filippus Filippusson  
gegn

Jóni landritara Magnússyni f.  
h. sjálfs hans og erfingja  
Benedikts heitins Sveinssonar  
sýslumanns.

D ó m u r:

Hinn 21. júlí f. á. lét stefndi, landritari Jón Magnússon, sem eigandi Blikastaða í Mosfellssveit og sem umbodsmaður erfingja Benedikts heitins sýslumanns Sveinssonar, eiganda jarðanna Korpúlfsstaða, Keldna, Grafar og Kálfakots í sömu sveit, hlutadeigandi fógeta lýsa lögbanni fyrir áfrýjandanum, Filippusi bónda Filippussyni, eiganda Gufuness, gegn því, að hann veiddi eða leyfði öðrum að veiða í Korpúlfsstaðaá fyrir landi nefndra jarða. Til staðfestingar fógetaþanni þessu höfðaði síðan stefndi mál þetta fyrir gestarétti Gullbringu og Kjósarsýslu gegn áfrýjandanum, og var það dæmt þar 19. jan. þ. á. með þeim úrslitum, að lögbannið skyldi óraskað standa meðan áfrý-